

Föstudaginn 15. nóvember 1946.

Nr. 138/1945. **Mjólkurbú Flóamanna**

(Hrl. Egill Sigurgeirsson)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Gjald í varasjóð samvinnufélags ekki talið til rekstrar-
kostnaðar félagsins.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. október f. á., gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 152765.56 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 14. maí 1945, til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1943 skal útsöluverð á mjólkurafurðum miðað við verð það til bænda, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, að viðbættum óhjákvæmilegum kostnaði. Varasjóðsgjald það, sem deilt er um í máli þessu, verður eigi talið til slíks kostnaðar. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. september 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Mjólkurbú Flóamanna höfðað fyrir bæjarþinginu 14. maí 1945 gegn landbúnaðar-
ráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á kr. 152765.56 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og máls-
kostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir.

Árið 1944 notaði ríkisstjórnin heimild laga nr. 42 frá 1943 til þess að lækka útsöluverð mjólkur á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur, gegn því að greiða úr ríkissjóði svo mikið, sem nægði til þess, að framleiðendur fengi kr. 1.23 fyrir hvern litra. Með bréfi, dagsettu 19. marz 1945, skýrði mjólkursamsalan landbúnaðarráðuneytinu frá því, að samkvæmt endurskoðun á reikningum ársins 1944 frá stefnanda, Mjólkursamlagi Borgfirðinga, Mjólkurbúi Hafnarfjarðar, Mjólkursamsölunni og mjókurstöðinni í Reykjavík, vanti kr. 1214252.31 til þess, að unnt sé að greiða framleiðendum kr. 1.23 sem meðalverð hvers litra. Einn liður í fjárhæð þessari var talinn kr. 157722.41, er leggja bæri í varasjóð stefnanda, en ráðuneytið taldi ríkissjóði óskýlt að leggja fram þá fjárhæð, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta, sem fyrr segir, til greiðslu hluta hennar. Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að þar eð það sé skráð sem samvinnufélag samkvæmt lögum nr. 36 frá 1921, nú nr. 46 frá 1937, hvíli á því ótvíræð skylda til þess að leggja í varasjóð a. m. k. 1% af óskiptum tekjum, sbr. 24. gr. þeirra laga, svo og gagnályktun af 8. gr. laga nr. 62 frá 1945. Varasjóður samvinnufélags, sem lögskýlt sé að leggja fé til, sé hins vegar óskiptilegur, þ. e. félagsmönnum verði ekki úthlutað úr honum við félagsslit, sbr. 9. tl. 3. gr. laga nr. 46 frá 1937, og í 24. gr. sömu laga séu mjög strangar skorður reistar við útborgun úr sjóði þessum. Af þessu sé því ljóst, að fé það, sem lagt hafi verið í varasjóð, geti ekki talizt séreign félagsmanna né verði útborgað til þeirra hvers um sig, og öllu heldur beri að líta á framlagið sem eins konar skattgjald, er að lokum verði almennings eign.

Nú hafi nefnd sú, er samkvæmt 4. gr. laga nr. 42 frá 1943 var falið að finna grundvöll fyrir vísitölu landbúnaðarafurða, miðað verð það, er bændum beri fyrir mjólkina samkvæmt framansögðu, við afhendingu hennar í mjólkurbú og að ekki skuli aðrir kostnaðarliðir koma því til frádráttar en þeir, sem taldir eru í álitni hennar, dagsettu 18. ágúst 1943, en þar er ekki gert ráð fyrir öðrum kostnaði af dreifingu afurðanna en flutningi þeirra á afhendingarstað. Telur stefnandi framanritað sýna, að framlag til varasjóðs stefnanda sé hluti af dreifingarkostnaði og því rekstrarkostnaður, er framleiðendur mjólkurinnar eigi ekki að standa skil á sjálfir, heldur beri stefnda að greiða það, enda hafi ríkisstjórnin (atvinnumálaráðuneytið) viðurkennt þessa skyldu sína í bréfi til mjólkursamsölunnar, dagsettu 3. janúar 1944. Í því bréfi tilkynnti ráðuneytið þá ákvörðun sína að greiða 16 aura uppbót á hvern mjólkurlitra, sem mjólkurbú á verðjöfnunarsvæðinu tóku á móti 15. september 1943 til loka sama árs, og heldur stefnandi því fram, að ráðuneyt-

inu hafi verið kunnugt, að framlag til varasjóðs stefnanda o. fl. hafi verið falið í þeirri fjárhæð, enda hafi maður sá, er reiknaði út og gerði tillögur um uppbót þessa, talið hið lögboðna varasjóðs-tillag til kostnaðar. Loks hefur stefnandi bent á, að framlag þetta sé innifalið í verðákvörðun mjólkurverðlagsnefndar, er nam kr. 1.70 árið 1944.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að varasjóðsgjaldið sé framlög félagsmanna stefnanda og miðað við viðskipti þeirra og sé ekki unnt að telja það til rekstrarkostnaðar stefnda frekar en hjá félögum með aðra skipan, svo sem hlutafélögum, er einnig hafi varasjóði. Telur stefndi, að þótt hann greiði framlag þetta ekki beinlínis til félagsmanna stefnda, komi það þeim að fullum notum, þar eð hlutverk varasjóðs sé að tryggja félagsmenn gegn taprekstri svo og til eflingar framkvæmda stefnda og þar með til hagsbóta fyrir félagsmenn og búrekstur þeirra, enda sé það aðeins við félagsslit, að hannað sé að greiða úr varasjóði meira en þarf til lúkningar skuldbindingum þeim, er hvíli á félagsheildinni. Samkvæmt þessu telur stefndi, að varasjóðsframlagið sé greiðsla til framleiðendanna og því hluti af vísitöluverðinu, kr. 1.23 fyrir hvern lítra, og leiði af því enn fremur, að ekki sé hægt að telja framlagið hluta af dreifingarkostnaði eftir afhendingu. Loks hefur stefndi haldið því fram, að uppbótin fyrir tímabilið frá 15. september 1943 til loka þess árs hafi verið ákvörðuð af ráðuneytinu og hafi ekki átt stoð í útreikningum eða tillögum manns þess, er að framan getur, enda hafi ríkisstjórninni verið ókunnugt um það, hvort varasjóðsframlagsins gætti í þeim útreikningi eða ekki.

Fallast verður á það með stefnda, að framlag til sjóða félags fái ekki talizt til rekstrarkostnaðar, enda séu sjóðir þeir eign félags áfram. Af þeim ákvæðum laga nr. 46 frá 1937, sem að varasjóði lúta, verður ekki annað ráðið en hann sé sameign félagsmanna og að þeir hafi, þó með skorðum þeim, er 24. gr. sömu laga setur, óskoraðan ráðstöfunarrétt yfir honum allt til félagsslita.

Greiðsla fjár þessa í varasjóð veldur þess vegna ekki því, að félagsmenn séu sviptir fé þessu eða umráðum þess, og verður því eigi unnt að telja framlag þetta hluta af dreifingarkostnaði, þar eð féð er, eins og fyrr segir, eign félagsmanna áfram. Þess ber og að gæta, að grundvöllur sá, sem stefnandi starfar á, er ekki lögboðinn um mjólkurbú almennt, og væri mjólkurframleiðendum því unnt að komast hjá greiðslu framlags í sjóði sem þann, er um ræðir í máli þessu.

Samkvæmt framanrituðu ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, enda hefur stefnandi gegn mótmælum hans ekki sannað þá staðhæfingu sína, er fyrr greinir, að ríkisstjórnin hafi með greiðslu fyrirtalinnar uppbótar bundið sig til greiðslu varasjóðsframlagsins.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Mjólkurbús Flóamanna, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 18. nóvember 1946.

Nr. 133/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Árna Magnúsi Bjarnasyni

(Ragnar Jónsson cand jur.).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Bifreiðaslys. Sýknað af ákæru um manndráp af gáleysi.
Ágreiningur dómenda.

Dómur hæstaréttar.

Strætisvagn sá, er ákærði ók, þegar slysið varð, er þannig gerður, og sæti bifreiðarstjóra og gluggum þannig hagað, að útsýn fram fyrir vagninn og þó einkum til hliðar er mjög takmörkuð. Þykir varhugavert að telja ákærða til sakar, að hann sá ekki dreng þann, sem fyrir slysinu varð, fyrr en það var orðið. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á rikissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Lögreglumenn þeir, er fyrst komu á vettvang, létu ekki athuga ástand strætisvagnsins, og bar þeim þó sérstaklega að láta rannsaka ljósabúnað hans og hemla. Verður að átélja þessa vangæzlu þeirra.